

Föstudaginn 3. júní 1932.

Nr. 31/1932. **Réttvísín og valdstjórnin**

(Guðm. Ólafsson)

gegn

**Flosa Einarssyni** (Lárus Jóhannesson)

**og Magnúsi Magnússyni Stephensen**

(Stefán J. Stefánsson)

og

**Réttvísín**

gegn

**Sigurði Einarssyni** (Lárus Jóhannesson)

**og Jóni Marínó Jónssyni**

(Stefán J. Stefánsson).

Brot gegn 101., 102. og 147. gr. hegnl.

*Dómur aukaréttar Reykjavíkur 9. jan. 1932:* Ákærður, Flosi Einarsson, sæti 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, ákærðir, Sigurður Einarsson og Jón Marínó Jónsson, hvor 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og ákærður, Magnús Magnússon Stephensen, 20 daga samskonar fangelsi, en fullnustu refsingar allra hinna dómfelldu skal frestað og hún falla niður, nema þeir innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, í því máli dæmdir til þyngri hegningar en sekta.

Ákærðir, Flosi Einarsson og Sigurður Einarsson, greiði talsmanni þeirra hæstaréttarmálaflutningsmanni Lárusi Jóhannessyni krónur 60, — in solidum í málsvarnarlaun, og ákærður, Magnús Magnússon Stephensen, og Jón Marínó Jónsson greiði in solidum talsmanni þeirra hæstaréttarmálaflutningsmanni Stefáni Jóhanni Stefánssyni kr. 30,00 í málsvarnarlaun.

Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði hinir ákærðu, Flosi Einarsson að helmingi, Sigurður Einarsson og Magnús Magnússon Stephensen að  $\frac{2}{3}$  in solidum og Jón Marínó Jónsson að  $\frac{1}{3}$ .

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Með því að fallast má á forsendur hins áfrýjaða aukaréttardóms ber að staðfesta hann.

Ákærðu, Flosi Einarsson og Sigurður Einarsson, greiði in solidum máflutningslaun talsmanna þeirra í hæstarétti, 100 kr., og ákærðu, Magnús Magnússon Stephensen og Jón Marínó Jónsson, greiði einnig in solidum málsvarnarlaun talsmanns þeirra, 100 kr.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun sækjanda í hæstarétti, 150 kr., greiði allir hinir ákærðu in solidum.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal óraskað.

Ákærðu, Flosi Einarsson og Sigurður Einarsson, greiði in solidum málsvarnarlaun talsmanna þeirra í hæstarétti, máflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, 100 kr., og ákærðu, Magnús Magnússon Stephensen og Jón Marínó Jónsson, greiði einnig in solidum málsvarnarlaun talsmanns þeirra, máflutningsmanns Stefáns J. Stefánssonar, 100 kr.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin sóknarlaun Guðmundar máflutningsmanns Ólafssonar, 150 kr. greiði hinir ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu 1) gegn Flosa Einarssyni fyrir brot gegn 12. og 14. kapitula hegningarlaga frá 1869 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur frá 1. febr. 1930 og gegn Magnúsi Magnússyni Stephensen fyrir brot gegn 12. kapitula hegningarlaga og lögreglusamþykkt Reykjavíkur og 2) af réttvísinnar hálfu gegn Sigurði Einarssyni og Jóni Marínó Jónssyni fyrir brot gegn 14. kapitula hegningarlaga.

Tildrög málsins eftir því sem þau hafa upplýzt við rannsókn þess, eru sem hér segir:

Á gamlárskvöld 1930 urðu töluverð ærsl og læti á götum Reykjavíkurbæjar, sérstaklega í miðbænum. — Klukkan á 12 tímanum var yfirlögregluþjónn Erlingur Pálsson ásamt nokkrum lögregluþjónum staddur í Aðalstræti. Laust þá upp ópi miklu og hávaða suður undir Herkastala. Ákvað þá yfirlögregluþjónninn að fara þangað og athuga, hvað um væri að vera. Hafði þá safnast saman þarna fjöldi fólks og var umferð um götuna stöðvuð. létu margir í mannþyrpingu þessari allófriðlega og höfðu í hótunum við lögregluna. Með því að lögreglan áleit, að mannsöfnuðurinn myndi ekki láta sitja við orðin tóm, þá skipaði yfirlögregluþjónninn svo fyrir, að mannsöfnuðinum skyldi sundrað. Ruddust nú óeirðarmenn nokkrir á móti lögreglunni, en lögreglan tók á móti með kylfum. Er sæmlegur friður var kominn á á gatnamótum Suðurgötu og Túngötu, kom flokkur austan með Uppsölum og veittist að lögreglunni. Rak lögreglan flokk þennan inn í Aðalstræti. Yfirlögregluþjónn Erlingur Pálsson skýrir þannig frá í skýrslu sinni til lögreglustjóra 2. jan. 1931 og hefir stöðugt borið þannig fyrir réttinum, að hann hafi um það leyti, er þegar hefir verið nefnt, verið staddur á gangstéttinni Aðalstrætismegin við Uppsali. Kveður Erlingur þá mann hafa hlaupið á sig og hafi sá maður komið norðan af gangstéttinni, hafi maður þessi þrifið báðum höndum í brjóst honum upp við hálsinn og ætlað að skella honum aftur á bak niður í götuna. Kvaðst yfirlögregluþjónninn þá hafa reynt að losa sig, en er hann hafi fundið að maður hélt tökunum og reyndi að slá hann niður, hafi hann gripið til kylfunnar og slegið manninn utan á höfuðið 2—3 högg, en á kylfunni segist hann hafa hald-

ið í hægri hendi. Þá hafi lögregluþjónn Ágúst Jónsson, sem hafi verið samhliða honum að sundra óspektarmönnum, komið þarna að og slegið árásarmanninn með kylfu í höfuðið og árásarmaðurinn þá sleppt tökunum, þó ekki alveg strax eftir höggið. Kveðst yfirlögregluþjónninn hafa ætlað að gripa mann þenna, en hann hafi hörfað undan og komizt út í mannfjöldann. Er viðureign þessi átti sér stað, segir yfirlögregluþjónninn að mikil óp og sköll hafi gollið við alstaðar í kring, og taldi hann sig í mikilli hættu staddan. Hefir yfirlögregluþjónninn síðar þekkt árásarmanninn sem ákærðan í þessi máli, Flosa Einarsson. Ennfremur skýrir yfirlögregluþjónninn svo frá, að í þeirri svipan sem Flosi Einarsson hörfaði út í mannröngina, hafi ráðist upp á gangstéttina hár, ungur maður með svartan linan hatt. Hafi maður þessi fengið kylfuhögg í höfuðið, sem veitt muni hafa lögregluþjónn, Ágúst Jónsson. Hafi hann hörfað við höggið niður á götuna, en ráðist aftur upp á gangstéttina til yfirlögregluþjónsins með ópi og látum, og kveðst Erlingur þá hafa slegið hann á höndina. Hafi hann þá rekið upp hljóð allmikið og sagt, að yfirlögregluþjónninn hefði slegið hann í höfuðið, en það hafi ekki verið rétt. Kveðst yfirlögregluþjónninn því næst hafa gripið mann þennan og látið flytja hann burt af almannafæri í lögreglubifreiðinni. Hafi maður þessi, sem er ákærður í máli þessu, Magnús Stephensen, sýnt af sér ofstopa mikinn í lögreglubílnum, t. d. hótað og reynt að handleggsbrjóta Stefán Sigfússon lögregluþjón. Ágúst Jónsson, lögregluþjónn, sem var samferða Erlingi Pálsyni, segir að þeir lögregluþjónarnir hafi verið að koma sunnan úr Suðurgötu eftir að hafa hreinsað þar til og hafi Erlingur gengið vinstra megin við Ágúst og farið upp á gangstéttina við hornið á Uppsölum. Er þeir höfðu beygt fyrir hornið á Uppsölum inn í Aðalstræti, leit Ágúst upp og sá, að ákærður Flosi Einarsson hafði tekið föstum tökum á yfirlögregluþjóninum. Hafi þá yfirlögregluþjónninn slegið ákærða meira en eitt högg í höfuðið, en með því að ákærður hafi allt að einu ekki sleppt tökunum, kveðst Ágúst Jónsson hafa slegið hann eitt högg með kylfunni í höfuðið, og hafi ákærður þá sleppt tökunum. Í þessari svipan hafi ákærður, Magnús Stephensen komið þarna að og ætlað að ráðast á þá lögregluþjónana. Kveðst Ágúst

þá hafa slegið kylfunni til hans og hafi höggið komið ofan á ennið, svo að sprakk fyrir og blæddi litilsháttar úr. Litlu seinna heyrði lögregluþjónninn, að ákærður Magnús kallaði upp, að yfirlögregluþjónninn hefði slegið sig. Í framhaldsprófum, sem setudómarinn hélt í máli þessu báru lögregluþjónarnir, Magnús Hjaltested og Björn Vigfússon, um atburði þessa, sem hér segir. Magnús Hjaltested kveðst hafa verið í Aðalstræti um þetta leyti með Birni Vigfússyni. Hafi Björn Vigfússon þá sagt: „Hvar er Erlingur?“ „Við verðum að fara til hans, þeir eru vissir með að ráðast á hann“. Hafi þeir rutt sér braut eftir Aðalstrætinu gegnum mannþröngina og er þeir nálgudust Uppsala-húsið hafi Magnús séð, að yfirlögregluþjónninn hafi verið í hörkuáflogum við mann, er vitnið þekkti ekki. Hafi maður þessi virzt ætla að keyra Erling Pálsson niður. Rétt á eftir kveðst vitnið hafa séð ákærðan Magnús Stephensen vaða í áttina til Erlings. Er lögregluþjónninn kom til Erlings var hann afskaplega móður. Lögregluþjónn, Björn Vigfússon, kveðst hafa veitt ákærðum, Magnúsi Stephensen, sérstaka eftirtekt, með því að hann, (Magnús), hafi verið leigjandi lögregluþjónsins. Kveður hann Magnús hafa verið að flækjast á eftir lögreglunni allt kvöldið mikið drukkinn. Björn segist hafa verið með Erlingi Pálssyni, en hafa orðið viðskila við hann. Hafi hann þá farið að leita að yfirlögregluþjóninum og gengið Aðalstræti á eystri gangstéttinni í áttina að Uppsólum og hafi hann þá séð, að við Uppsali var hnappur af fólki. Heyrði hann þar til Erlings Pálssonar, er hann skipaði fólkinu í burtu, og kveður hann hafa verið auðheyrnt á mæli Erlings, að hann átti erfitt með að tala fyrir mæði. Í sama mund segist lögregluþjónninn hafa séð Magnús Stephensen vera við eystri gangstéttina, og hafi þá grip-ið ákærðan, Magnús, æsingur og hann vaðið yfir götuna í áttina til Erlings yfirlögregluþjóns, en er ákærður nálg-aðist Erling, virtist Birni Ágúst Jónsson lögregluþjónn aftra Magnúsi. Hafi Magnús þá ætlað að ryðja Ágústi til hliðar, en Ágúst slegið hann með kylfunni. Ákærðan kveður Björn hafa haft í frammi ótal stóryrði eins og aðra, er þarna voru. Kveðst Björn nú hafa farið til Erlings og Erlingur hafa lagt fyrir hann, að koma ákærðum, Magnúsi, upp á lögreglustöð. Eftir þetta segir Björn, að hann og

fleiri lögregluþjónar hafi verið lengi með Erlingi. Vitnisburður Gisla Hansen, aðstoðarlögregluþjóns og Baldurs Jónssonar rafvirkjanema virðast ekki fara í bága við framangreinda framburði að svo miklu leyti fyrrnefndir framburðir ná til. Ákærður Flosi Einarsson hefir stöðugt neitað því, að framangreindir framburðir lögregluþjónanna séu réttir. Hann skýrir svo frá, að hann og bróðir hans, ákærður, Sigurður Einarsson, hafi verið inni til kl. 11 um kvöldið og hafi þeir einskis vins neytt. Hafi þeir bræður gengið út og niður Bankastræti og vestur að Duus-húsunum og vestur á Vesturgötu, því næst eftir Garðastræti og yfir í Túngötuna og niður eftir henni að Uppsalahúsinu. Er þangað var komið, kveðst ákærður, Flosi hafa séð ákærðan, Magnús Stephensen, á undan sér á gangstéttinni og hafi Magnús gengið í mestu rólegheitum og hvorki haft í frammi hávaða né uppvöðslur. Hafi þá Erlingur Pétursson komið þar að og slegið ákærðan Magnús í höfuðið og varð þá af því sár á höfði Magnúsar, er blóð dreyrði úr. Ákærður Flosi kveðst þá hafa tekið í handlegg Magnúsar til að styðja hann og sagt um leið mjög kurteislega við yfirlögregluþjóninn, að Magnús hefði ekkert gert af sér. Segist hann þá ekki hafa fengið annað svar en það, að Erlingur sló hann í höfuðið, svo hann fék sár nokkurt aftan á því. Neitar hann því algerlega, að hafa þrifið til yfirlögregluþjónsins nema þá óviljandi eftir að hann fékk höggið til að styðja sig af því að hann svimaði. Ákærður heldur ennfremur, að annar lögregluþjónn hafi slegið sig einnig.

Í réttarhaldi 13. janúar 1930 bar ákærður Sigurður Einarsson, sem yfirheyrður var sem vitni, á sömu leið um þessa atburði og ákærður, Flosi, nema hann áleit Flosa ekki hafa fengið áverkann af höggi Erlings Pálssonar, heldur af höggi Ágústs Jónssonar. Í réttarhaldi 27. sama mánaðar breytti ákærður framburði sínum á þá leið, að nú kvaðst hann hafa séð bróður sinn, Flosa Einarsson, ganga þvert úr vegi, til að ráðast að Erlingi yfirlögregluþjóni, en segir þeim alls ekki hafa lent saman af því að vegir þeirra mættust, og hafi þeir síðan ázt eitthvað við í návigi, og hafi þá Erlingur staðið upp á gangstéttinni norðanvert við Uppsali en Flosi á götunni við gangstéttarbrúnina. Vann Sigurður eið að þessum framburði sínum

í réttarhaldi 7. maí 1931. Eftir að hinn reglulegi dómari hafði vikið sæti í máli þessu og setudómari hafði verið skipaður til þess að fara með það, var hafin ný rannsókn í því. Í réttarhaldi 26. okt. 1931, mætti Sigurður Einarsson og tók nú aftur framburð sinn frá 27. jan., þann, er hann hafði unnið eið að 7. maí. Var hann þá samstundis settur í gæzluvarðhald og sat hann í gæzluvarðhaldi til 28. s. m. Hélt nú því stöðugt fram, að hann hefði breytt framburði sínum bróður sínum í óhag af hræðslu við dómarann, er hafi beitt hann harðneskju. Kveður hann rannsóknardómarann hafa búið til setningar, er hann síðan hafi reynt til að fá ákærðan til að ganga inn á og hafi rannsóknardómarinn jafnvel gefið honum til vitundar, að betur færi fyrir bróður hans, ef hann breytti framburði sínum. Þá kveðst hann ekki hafa vitað, að hverju hann vann eið 7. maí. Segir hann framburð sinn ekki hafa verið skýrðan fyrir sér áður en hann vann eiðinn, og hafi hann ekki vitað, að hverju hann vann eið fyrir en hæstaréttarmálaflutningsmaður sá, er skipaður hafði verið verjandi bróður hans, sýndi honum fram á það. Ekki véfengir ákærður samt, að rétt sé bókað eftir sér. Var ákærður þrátt fyrir mjög alvarlegar áminningar ófáanlegur til þess að breyta þessum síðasta framburði sínum. Var þó brýnt fyrir honum, hvílik refsíabýrgð lægi við röngum framburði og að líkur bentu til þess, að ákærður, Flosi Einarsson, hefði haft áhrif á hann, en Flosi hafði sótt málið af kappi og viljað koma fram skaðabótakröfu á hendur lögreglunni fyrir meiðsli þau, er hann hafði hlotið. Kveðst ákærður, Sigurður, ekki hafa átt tal um framburð sinn við ákærðan, Flosa. Ákærður, Flosi, kvaðst ekki heldur hafa talað um þetta atriði við bróður sinn fyrir en þeir bræður höfðu talað við nefndan hæstaréttarmálaflutningsmann, en þá kveðst hann hafa minnt ákærða, Sigurð, á, að hann yrði nú að gá að því, er hann segði fyrir réttinum, því að hann (Flosi) álitu það barnskap, er ákærður, Sigurður, bar fyrir réttinum 27. janúar. Harðneituðu báðir hinir ákærðu, að þeim hefði farið meira á milli um framangreint atriði, en þegar hefir verið skýrt frá. Var rannsóknardómara þeim, er með málið hafði farið, gjörður kunnur framburður ákærða, Sigurðar. Kveðst rannsóknardómarinn hafa haft ákærðan grun-

aðan um að bera rangt bróður sínum í hag og byggt þá skoðun sína á því, að framburður tveggja lögregluþjóna hneig í aðra átt en framburður vitnisins, en hinsvegar hefði mátt ætla, að ákærður vissi hið sanna í málinu, með því að hann var á þeim vettvangi, er atburðir þeir gerðust, er rannsókn var hafin út af. Kveðst rannsóknar-dómarinn því hafa áminnt vitnið allrækilega og lesið upp fyrir því ákvæði hegningarlaganna, er ræða um falsvitni og rangan framburð fyrir rétti. Hinsvegar upplýstist það, að fastir vottar voru ekki kvaddir til fyrr en yfirheyrslunni og bókun var lokið, og geta þeir þessvegna ekki borið um, hvað dómara og ákærðum hafði á milli farið.

Ákærður, Magnús Magnússon Stephensen, játaði, að hafa verið nokkuð við vín umrætt kvöld; hann kveðst hafa drukkið við fjórða mann alls um kvöldið 2 flöskur af portvíni og ekki fundið mikið á sér. Segist hann hafa verið með Baldri Sveinssyni, og fóru þeir saman niður í bæ. Hann segist og hafa verið töluvert úti um kvöldið, en neitar því að hafa verið að flækjast á eftir lögreglunni. Kveðst hann hafa ætlað að fara vestur á Grímsstaðaholt og hafi þá viljað svo til, að stefna sú, sem hann tók, var beint í áttina til Erlings Pálssonar, yfirlögregluþjóns, þar sem hann stóð á gangstéttinni. Í sömu andránni fékk hann kylfuhögg í höfuðið, svo að sprakk fyrir á enninu og blæddi úr, og kvaðst hann fyrst hafa haldið, að Erlingur Pálsson hefði slegið sig og hafi því kallað upp að Erlingur hefði slegið sig. Af þessu höggi hafi hann reiðst og ráðist að yfirlögregluþjóninum, en þá sló Erlingur hann á höndina. Því næst var hann tekinn fastur af lögreglunni og fluttur burt. Lét hann þá mjög óðslega. Ákærður, Magnús, kveðst halda, að hann hafi verið sleginn á undan Flosa, af því að hann hafi fyrst orðið Flosa var, er yfirlögregluþjónninn hafði greitt honum höggið, en þá kveður hann Flosa hafa tekið í handlegginn á honum og hafi hann þá ekki séð að neitt væri að Flosa. Vitnið Árni Jónsson, eftirlitsmaður, kveðst hafa komið niður Túngötu um þetta leyti og beygt inn í Aðalstræti. Er hann hafði beygt fyrir hornið á Uppsölum fór hann upp á gangstéttina og staðnæmdist á móts við tröppurnar á Uppsölum. Kveðst hann þá hafa heyrt, að maður, er stóð fyrir framan Erling Pálsson, við hornið á Uppsalahúsinu sagði:

„Ég tek alla þá, sem hér eru, til vitnis um það, að ég er barinn saklaus“. Þá kveðst vitnið hafa séð Flosa og Sigurð standa á gangstéttinni. Fullyrðir vitnið, að Flosi hafi ekki verið búinn að fá áverkann þá. Eftir þetta snéri vitnið sér við, því að það var að leita að tveim mönnum og gekk niður af gangstéttinni. Er það leit aftur við, var Flosi búinn að fá áverkann, en Erlingur Pálsson var horfinn sýnum þess. Ekki treystir vitnið sér, að þekkja mann þann, er kallaði upp, að hann væri sleginn saklaus, því að hann snéri baki að vitninu.

Eftir að rannsókn þessa máls var lokið, bað ákærður, Flosi Einarsson, um að ákærður í máli þessu, Jón Marínó Jónsson, yrði leiddur sem vitni í málinu, því að hann hefði verið sjónarvottur að atburðunum á gamlárskvöld 1930. Jón Marínó kvaðst hafa verið við tröppurnar á Uppsölum nefnt kvöld og séð Erling Pálsson ganga til ákærða Flosa og slá hann. Er dómarrinn hafði brýnt mjög rækilega fyrir ákærðum, hverjar afleiðingar rangur framburður fyrir rétti gæti haft, snéri ákærður við blaðinu. Kveðst hann raunar hafa verið í Aðalstræti áður greint kvöld og séð, hvar Erlingur Pálsson var að hrinda fólki frá sér, en alls ekki séð Flosa eða þá Erling og Flosa eigast við. Játtaði hann nú, að hafa mætt fyrir réttinum af greiðvikni við Flosa. Hann kveðst hafa sagt Flosa, að hann hefði verið í Aðalstræti eins og áður er sagt og hafi Flosi þá lýst fyrir honum atburðunum og spurt hann, hvort hann gæti borið svona og kveðst ákærður, Jón Marínó Jónsson, hafa kveðið já við því. Ákærður Flosi játaði við sampröfun við Jón Marínó, að hann hefði beðið vitnið að mæta fyrir réttinum og bera með sér, en ekki lagt samt fast að því. Tjáðist ímynda sér, að hann hefði gripið til þessa úrræðis af því, að hann taldi lögregluþjóna þá, er báru með Erlingi Pálssyni, ljúgvitni, og viljað grípa til þess líka, en hélt nú sem fyrr fram sakleysi sínu að öðru leyti. Skulu nú athugaðar nánar sakir þær, er bornar eru á hina ákærðu.

#### *Flosi Einarsson.*

Er dæma skal um sakir á hendur Flosa Einarssyni, þá verður það fyrst fyrir, að upplýst er, að ákærður hafi verið barinn af yfirlögregluþjóni Erlingi Pálssyni og hlot-

ið af áverka, en þeim ber fyrst og fremst í milli, hvor þeirra hafi átt upptökin og í öðru lagi, í hvaða röð atburðirnir hafa gerst. Með eiðfestri skýrslu lögregluþjónanna, Bjarnar Vigfússonar og Magnúsar Hjaltsted, þykir að réttarins álitni færðar mjög sterkar líkur fyrir því, að atburðirnir hafi gerzt í þeirri timaröð, er Erlingur Pálsson og Ágúst Jónsson halda fram. Þykir vitnisframburður Árna Jónssonar ekki afsanna það, því að frekar gat honum yfirsést um, hvenær sá á Flosa, heldur en lögregluþjónunum Birni Vigfússyni og Magnúsi Hjaltsted um, hvenær ákærður, Magnús Stephensen, óð að Erlingi, en siðastnefndir lögregluþjónar bera, að þeir hafi slegizt í för með Erlingi Pálssyni þegar eftir að þeir sáu Magnús vaða að Erlingi og hafi Erlingur ekki orðið fyrir árásum eftir það. Þá þekkti vitnið, Árni Jónsson, ekki mann þann, er stóð hjá Erlingi Pálssyni og kallaði upp, að hann hefði verið þarinn saklaus. Með því engar sannanir hafa komið fram fyrir því, að lögregluþjónarnir Erlingur Pálsson og Ágúst Jónsson, sem báðir hafa unnið eið að áðurgreindri skýrslu sinni um árás ákærða, Flosa Einarssonar, á þá, hafi misbeitt valdi sínu, er þeir samkvæmt skyldu sinni voru að halda uppi reglu á götum Reykjavíkurbæjar á gamlárskvöld 1930, þá ber að réttarins álitni að leggja framburð þeirra til grundvallar í þessu máli. Um framburð Sigurðar Einarssonar skal það tekið fram, að ekki er hægt að taka mark á honum. Afbrot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, ber að heimfæra undir 101. gr. hegningarlagna frá 1869, lögreglusamþykkt Reykjavíkur frá 1. febr. 1930, 3. og 28. gr. sbr. 96. gr. og 147. sbr. 53. gr. hegningarlagna, allt samanbórið við 63. gr. hegningarlagna, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En með tilliti til undanfarinnar hegðunar sakbornings og aldurs, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár, ef skilyrðum laga nr. 39, 1907 er fullnægt.

*Sigurður Einarsson.*

Með því að rétturinn telur, eins og áður var getið, sannað, að ákærður, Flosi Einarsson, hafi ráðizt á Erling Pálsson, verður að telja ósannað og ólíklegt, að Sigurður

Einarsson hafi borið rangt fyrir réttinum 27. jan. 1931 og unnið eið að röngum framburði. Hinsvegar eru sterkar líkur fram komnar fyrir því, að hann annars hafi borið rangt fyrir rétti, með því að upplýst virðist vera, að hann hafi vitað hið sanna í máli þessu. Hann gerði fyrst tilraun til að mæta fyrir rétti og breyta framburði sínum bróður sínum í hag, eftir að Lárus Jóhannesson, hæstaréttarmálaflutningsmaður, hafði bent þeim bræðrum á, að úrslit málsins hefði að miklu leyti getað verið komin undir framburði Sigurðar. Þá bendir og framferði ákærða, Flosa, gegn ákærðum Jóni Marínó til þess að hann muni hafa lagt fastar að bróður sínum um framburðinn heldur en þeir bræður hafa viljað kannast við fyrir réttinum. Þetta brot ákærða, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, þykir réttilega heimfært undir 147. gr. hegningarlaganna og ákveðst refsingin með tilliti til þess að mistök nokkur hafa orðið á yfirheyrslunni og eiðfesting ákærðs, 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En með tilliti til aldurs ákærða og hegðunar að undanfögnu, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár, ef skilyrði laga nr. 39 1907 eru haldin.

*Magnús Magnússon Stephensen.*

Samkvæmt áðurgreindum eiðfestum framburði 4 lögregluþjóna þykir það fullsannað, að ákærður hafi gert tilraun til þess að ráðast á lögregluna nefnt gamlárskvöld og að hann hafi verið ölvaður með hávaða og læti á götum bæjarins. Brot hans, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, þykir réttilega heimfært undir 101. og 102. gr. hegningarlaganna frá 1869 og 3. og 28. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing hans réttilega ákveðin 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en með tilliti til aldurs og hegðunar ákærða að undanfögnu þykir mega ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár ef skilyrðum laga nr. 39, 1907 er fullnægt.

*Jón Marínó Jónsson.*

Brot hans, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, eins og því er lýst hér að framan, ber að heimfæra undir

147. gr. hegningarlaganna frá 1869 og þykir refsingin hæfilega ákveðin 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu refsingarinar skal frestað og hún falla niður, ef skilyrðum laga nr. 39, 1907 er fullnægt.

Hvað málskostnað snertir, þá greiði hinir ákærðu, Flosi Einarsson og Sigurður Einarsson, kr. 60 in solidum til talsmanns þeirra, hrm. Lárusar Jóhannessonar, og ákærðu, Magnús Magnússon Stephensen og Jón Marínó Jónsson, greiði in solidum talsmanni þeirra, hrm. Stefáni Jóhanni Stefánssyni, kr. 30.

Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði hinir ákærðu, að helmingi Flosi Einarsson, Sigurður Einarsson og Magnús Magnússon Stephensen að  $\frac{2}{3}$  in solidum og Jón Marínó Jónsson að  $\frac{1}{3}$ .

Það athugast við meðferð málsins, að rannsóknardómarrinn hefir haldið rétt án þess að hafa réttarvotta við og hrapað hefir verið nokkuð að eiðfestingu vitnisins Sigurðar Einarssonar. Að öðru leyti hefir meðferð málsins verið vitalaus.

Mánudaginn 6. júní 1932.

Nr. 60/1931. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)  
gegn

**Harold Mecklenbourgh**

(Lárus Fjeldsted).

Veiðarfæri í ólagi.

*Dómur lögregluréttar Ísafjarðar 14. apríl 1931:* Kærður, Harold Mecklenbourgh, skipstjóri á togaranum, H. 212 „Angle“, frá Hull, greiði 3500 gullkróna sekt í Landhelgissjóð Íslands, er jafngildir isl. krónum 4279,25. Svo greiði hann og allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Með mælingum varðskipsins og öðrum gögnum, sem fram eru komin í málinu, verður að telja það